

Skýrsla tilnefningarnefndar Eikar fasteignafélags hf.

24. mars 2026

Tilnefningarnefnd Eikar fasteignafélags hf. (hér eftir tilnefningarnefnd eða nefndin) hefur það hlutverk að vera ráðgefandi við val á stjórnarmönnum. Í störfum sínum skal nefndin hafa heildarhagsmuni allra hluthafa Eikar fasteignafélags (hér eftir Eik eða félagið) að leiðarljósi. Markmið hennar er að skapa hluthöfum forsendur fyrir upplýstari ákvörðunartöku við stjórnarkjör í félaginu. Tillögur nefndarinnar skulu miða að því að stjórnin sé á hverjum tíma þannig samsett, að hún búi yfir fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun, eftirlit og önnur stjórnarstörf í því umhverfi sem félagið starfar á hverjum tíma.

Nánari upplýsingar um hlutverk nefndarinnar má finna í samþykktum félagsins og starfsreglum nefndarinnar, sem finna má á vefsvæði félagsins. Nefndin tekur jafnframt mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Lokaskýrsla nefndarinnar er hluti af fundargögnum aðalfundar félagsins, sem stefnt er að því að halda 16. apríl 2026.

Í skýrslunni er sett fram tillaga að bestu samsetningu stjórnar að mati nefndarinnar. Matið byggir m.a. á framboðsgögnum og samtölum við þá sem buðu sig fram til stjórnar, viðtölum við sitjandi stjórnarmenn, árangursmati stjórnar og viðtölum við forstjóra félagsins og yfirlögfræðing félagsins. Ennfremur er byggt á viðtölum við þá hluthafa sem þess óskuðu og hvort og þá hver hagsmunatengsl frambjóðenda gagnvart félaginu, stjórnendum þess og stórum hluthöfum eru.

Nefndin vekur athygli á að samkvæmt samþykktum félagsins rennur framboðsfrestur til stjórnar félagsins út 7 sólarhringum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör í félaginu fer fram.

1. Nefndarskipan

Tilnefningarnefnd starfar samkvæmt samþykktum félagsins og starfsreglum nefndarinnar. Tveir nefndarmenn voru kjörnir á aðalfundi félagsins þann 10. apríl 2025 til setu fram að aðalfundi 2026. Þá skipaði stjórn félagsins einn nefndarmann til tveggja ára á fundi sínum þann 23. maí 2024.

Í tilnefningarnefnd félagsins sitja, Anton Reynir Hafdísarson og Íris Björk Hreinsdóttir bæði kjörin á aðalfundi 2025 og Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður nefndarinnar, sem var skipuð af stjórn til tveggja ára þann 23. maí 2024. Sjá frekari upplýsingar um nefndarmenn í viðauka við skýrsluna. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu, stjórnendum þess og stórum hluthöfum félagsins.

Árni Huldar Sveinbjörnsson, yfirlögfræðingur félagsins, hefur starfað sem ritari nefndarinnar og tengiliður nefndarinnar við stjórn er formaður stjórnar Eikar.

2. Nefndarstörf

Nefndin kom fyrst saman þann 29. apríl 2025 til skipulagningar starfsárs hennar vegna tilnefninga stjórnarmanna fyrir aðalfund 2026. Nefndin skipti með sér verkum, lagði grunn að starfsáætlun sinni, auk þess að ræða fjárhagsáætlun og breytingar á framkvæmd árangursmats stjórnar, sem nú er á höndum stjórnar félagsins. Mikilvægi trúnaðar í öllum störfum nefndarinnar var jafnframt rætt. Nefndin hittist formlega alls sjö sinnum á tímabilinu apríl 2025 til mars 2026. Þessu til viðbótar átti nefndin fundi með stjórnarmönnum hverjum fyrir sig, forstjóra félagsins og yfirlögfræðingi. Nefndin átti fundi og samtöl við fulltrúa hluthafa sem fara samanlagt með ríflega 60% hlut í félaginu og fundi með þeim sem skiluðu framboði til stjórnar.

Nefndin leggur áherslu á að samband hluthafa og nefndarinnar verði alltaf að vera byggt á gagnkvæmu trausti og mikilvægi þess hlutverks hennar að hafa ávallt hag hluthafa í forgrunni í störfum sínum og hvað sé félaginu fyrir bestu. Nefndarmenn hafa fylgt þessu í einu og öllu í sínum störfum.

3. Starfsreglur tilnefningarnefndar

Eitt af hlutverkum tilnefningarnefndar er að yfirfara starfsreglur nefndarinnar og leggja fram tillögur fyrir aðalfund um breytingu á þeim eftir því sem þörf krefur.

Nokkrar breytingar voru gerðar á starfsreglum nefndarinnar á aðalfundi 2025. Nefndin yfirfór starfsreglurnar og ræddi þær á fundum með hluthöfum sem þáðu fundi með nefndinni. Niðurstaða þessarar yfirferðar er sú að ekki er talin ástæða til að leggja fram tillögur um breytingar á starfsreglunum að þessu sinni.

4. Fundir með stjórnarmönnum og forstjóra

Tilnefningarnefnd átti fundi með hverjum og einum stjórnarmanni sem og forstjóra og yfirlögfræðingi Eikar í janúar 2026. Í viðtölunum var byggt á þeim ramma um lykilhæfni og þekkingu, sem nefndin hefur sett fram og hefur til hliðsjónar í störfum sínum og sjá má í kafla 7 í skýrslunni.

Þá horfði nefndin til helstu niðurstaðna úr árangursmati stjórnar. Í leiðbeiningum um stjórnarhætti segir í gr. 2.6.2 „Stjórnin skal árlega og eftir fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi leggja mat á störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti“.

Undanfarin ár hefur það verið hlutverk tilnefningarnefndar að sjá til þess að framkvæmt sé árangursmat stjórnar. Í framhaldi af breytingum sem gerðar voru á starfsreglum tilnefningarnefndar á aðalfundi 2025 kom það í verkahring stjórnar að meta sjálf árangur af störfum sínum. Tilnefningarnefnd fékk helstu niðurstöður árangursmats stjórnar afhent í janúar 2026. Það er mat tilnefningarnefndar að árangursmat stjórnar hafi gefið nefndinni góða og skýra innsýn inn í árangur og störf stjórnar, framkvæmd stjórnarfunda sem og samskipti milli stjórnarmanna og frammistöðu stjórnarformanns.

Nokkrar breytingar urðu hjá Eik á árinu 2025. Nýr forstjóri, Hreiðar Már Hermannsson, tók til starfa í framhaldi af aðalfundi félagsins í apríl 2025 og einnig voru gerðar breytingar á framkvæmdastjórn félagsins. Þá flutti félagið starfsstöðvar sínar í Turninn í Kópavogi.

Markmið með viðtölum við stjórnarmenn var að eiga samtal um störf og árangur stjórnar almennt, fá álit stjórnar á ákjósanlegri samsetningu stjórnar og nánari greiningu á mati þeirra á styrkleikum og veikleikum stjórnar. Af samtölum og niðurstöðum úr árangursmati stjórnar má ráða að samstarf innan stjórnar sé faglegt og gott, að stjórnarmenn séu áhugasamir, vel undirbúnir, að gagnkvæm virðing ríki á milli stjórnarmanna, gætt sé að hagsmunum félagsins og allra hluthafa. Fram kom að stjórnarmenn eru ánægðir með þær breytingar sem gerðar hafa verið hjá félaginu og þann kraft sem ráðning á nýjum

forstjóra og breyting á stjórnendateymi hefur komið með inn í félagið og þau jákvæðu áhrif sem breytingarnar hafa haft á starf stjórnarinnar. Stjórn er sammála um að samstarfið hafi gengið vel undanfarið ár og saman hafi stjórnin leitt fyrirtækið í gegnum breytingar sem eru áfram til framkvæmda á næstu misserum. Samtöl við stjórnarmenn gáfu einnig góða sýn á hvaða verkefnum stjórn stendur frammi fyrir varðandi framtíðaráætlanir með nýju stjórnendateymi. Samtölin við forstjóra og yfirlögfræðing studdu einnig við framkomin sjónarmið stjórnarmanna um stjórnarstarfið.

5. Fundir með hluthöfum

Fundir með hluthöfum eru að mati tilnefningarnefndar mikilvægur hluti af undirbúningi fyrir tilnefningu í stjórn. Í janúar 2026 var birt auglýsing þar sem hluthöfum var boðið að funda með nefndinni og senda henni ábendingar og/eða tilnefningar. Í framhaldi var haft samband við stærstu hluthafa félagsins með tölvupósti og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina. Á heimasíðu félagsins má jafnframt finna upplýsingar um með hvaða hætti hluthafar geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina þ.e. með tölvupósti eða með því að hafa beint samband við formann nefndarinnar.

Nefndin átti samtöl og fundaði með fulltrúum þeirra hluthafa sem þáðu samtal í febrúar og mars 2026, en samtals fara þessir hluthafar með ríflega 60% hlut í félaginu. Í þeim samtölum komu fram mjög gagnlegar ábendingar um þeirra sýn á starfsemi félagsins, samsetningu stjórnar og hvaða kröfur um lykilhæfni og þekkingu væri eðlilegt að gera til stjórnarmanna. Fram komu sjónarmið um mikilvægi þess að stjórnin búi yfir yfirgripsmikilli stjórnunar-, rekstrar- og stjórnarreynslu, samfélagsvitund, persónulegri hæfni til að taka ákvarðanir um krefjandi viðfangsefni, góða samstarfshæfni og gagnrýna hugsun. Jafnframt komu fram sjónarmið um mikilvægi þess að stjórnin búi yfir þekkingu á fjármögnun, fasteignamarkaði hérlandis og erlendis, auk þekkingar og reynslu af góðum stjórnarháttum.

Í samtölum við hluthafa kom fram mikilvægi þess að tryggja stöðugleika í störfum stjórnar, en að á sama tíma sé gætt að hæfilegri endurnýjun innan stjórnar.

Í samtölum við hluthafa var farið yfir breytingar sem gerðar voru á starfsreglum nefndarinnar á aðalfundi 2025. Af þessum samtölum má ráða að hluthafar töldu ekki efni eða ástæðu til að gera breytingar á starfsreglunum á næsta aðalfundi.

Afar gagnlegt er fyrir nefndina að heyra sjónarmið hluthafa og hvetur nefndin hluthafa til að koma sjónarmiðum sínum, tillögum eða ábendingum á framfæri við nefndina, enda segir í leiðbeiningunum um stjórnarhætti fyrirtækja að nefndin skuli í störfum sínum „vinna að hagsmunum allra hluthafa“.

Reynslan af starfi tilnefningarnefnda hér á landi sýnir að einstaklingar sem bjóða sig fram til stjórnarsetu hjá skráðum félögum, en eru ekki tilnefndir af tilnefningarnefndunum, kjósa yfirleitt að draga framboð sitt til baka. Flestir hluthafar sem nefndin ræddi við töldu þessa þróun neikvæða og myndu kjósa að geta átt þann kost að vita af fleiri hæfum einstaklingum umfram þá sem væru tilnefndir. Tilnefningarnefnd hefur skilning á þessu sjónarmiði. Það þarf hins vegar að hafa í huga með hvaða hætti hægt er að ná slíkum breytingum fram án þess að hafa möguleg neikvæð áhrif á fjölda framboða til stjórnarsetu í skráðum félögum, enda ákvörðun um framboð ávallt í höndum viðkomandi einstaklings. Tilnefningarnefnd veltir fyrir sér hvort umræða og áhersla á ítarlegri upplýsingagjöf um fleiri frambjóðendur hafi dregið úr áhuga einstaklinga á að gefa kost á sér í stjórnir skráðra félaga. Nefndarmenn telja að það væri til hagsbóta fyrir félagið og hluthafa að fleiri aðilar gæfu kost á sér í tilnefningarferlinu. Umræðan um þessi mál er af hinu góða og kann hún að leiða til þess að markaðsaðilar og aðrir haghafar sjái hag í því að gera breytingar s.s. í gegnum leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

6. Framboð til stjórnar

Fyrir hönd tilnefningarnefndar auglýsti félagið eftir tillögum að framboðum eða framboðum til stjórnar með tilkynningu í kauphöll þann 30. janúar 2026. Auglýsingin birtist jafnframt á heimasíðu félagsins. Tilnefningarnefnd bárust átta framboð til stjórnar, öll frá frambærilegum og hæfum einstaklingum. Nefndinni bárust tvær tillögur um áhugasama einstaklinga eftir að framboðsfrestur nefndarinnar rann út þann 19. febrúar sl. Nefndin ákvað að bjóða öðrum þeirra í formlegt viðtal sem hann þáði.

Framboðin voru öll metin uppfylla lögformleg skilyrði um hæfi frambjóðenda.

Þeir aðilar sem sendu framboð og sem nefndin tilnefnir ekki í stjórn Eikar ákváðu að draga framboð sín til baka.

7. Forsendur að niðurstöðu

Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar ber henni að setja fram rökstudda tillögu um kosningu stjórnarmanna í félaginu, þar sem m.a. verði horft til hæfni, reynslu og þekkingar og leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Þá skal þess gætt að tillagan samræmist ákvæðum laga um hlutafélög og samþykktu félagsins um skipan stjórnar.

Í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar skilgreindi nefndin lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn félagsins. Í því sambandi studdist hún við leiðbeiningarnar um stjórnarhætti fyrirtækja, árangursmat stjórnar og heildarhagsmuni félagsins. Einkum var litið til eftirfarandi þátta:

- Þekking af þeim markaði sem Eik starfar á og því samkeppnisumhverfi sem félagið starfar í, til skemmri og lengri tíma
- Reynsla af starfsemi fasteignafélaga
- Reynsla og þekking þegar kemur að rekstri, stjórnun og stefnumörkun félaga, almennum stjórnarháttum og eftirlitsskyldu stjórnarmanna
- Reynsla af fjármálamarkaði með áherslu á lánamarkað
- Þekking og reynsla af nýsköpun á þeim markaði sem félagið starfar
- Þekking og reynsla af sjálfbærni og umhverfispáttum
- Siðferði og samfélagsleg vitund, orðsporsáhætta og/eða ímyndaráhætta stjórnar og/eða félagsins
- Þekking og reynsla af regluverki og opinberu umhverfi sem hefur áhrif á starfsemi fasteignafélaga til skemmri og lengri tíma
- Þekking á sviði stafrænnar þróunar
- Persónuleg hæfni stjórnarmanna, t.d. geta til að taka ákvarðanir um krefjandi viðfangsefni, góð samstarfshæfni og gagnrýnin hugsun

Að auki var horft til samsetningar stjórnarinnar, og komu þar m.a. eftirfarandi sjónarmið til álita:

- Óhæði gagnvart félaginu
- Fjölbreytt reynsla og þekking stjórnarmanna auk þess sem horft var til aldursdreifingar
- Almennar hæfniskröfur laga og áskilnaður um kynjahlutföll í stjórn
- Jafnvægi milli endurnýjunar í stjórn og stöðugleika

Við mótnu tillögu sinnar hafði nefndin til hliðsjónar þá þætti sem koma fram hér að ofan en ekki síst að tillaga nefndarinnar sé til þess fallin að styðja við rekstur félagsins og verði til hagsbóta fyrir félagið í heild og hluthafa þess bæði til skamms og langs tíma. Einnig hafði nefndin til hliðsjónar leiðbeiningarnar um stjórnarhætti fyrirtækja, þ.m.t. fjölbreytni stjórnarmanna út frá hæfni, reynslu, þekkingu, aldri og kynjahlutfalli.

8. Tillaga tilnefningarnefndar

Félagið hefur gengið í gegnum talsverðar breytingar á liðnum misserum með nýjum forstjóra og breytingum á stjórnendateymi, nýrri stefnumörkun og flutningum í nýtt húsnæði. Af viðtölum við stjórn og forstjóra má skilja að stjórnarstarfið hafi gengið vel á starfsárinu og að allir stjórnarmenn séu virkir í starfinu og áhugasamir. Stjórnarmenn hafa setið í stjórn allt frá 2 árum til 11 ára og því er ljóst að mikil þekking liggur hjá stjórn félagsins sem nýtist vel þegar breytingar eru gerðar á framkvæmdastjórn félagsins. Ákveðinn stöðugleiki og festa er mikilvæg í störfum stjórnarinnar, en jafnframt er mikilvægt að hæfileg endurnýjun eigi sér stað reglulega í stjórn félagsins.

Eftir yfirferð nefndarinnar á framboðsgögnum þeirra sem buðu sig fram til stjórnar og að teknu tilliti til sjónarmiða í árangursmati stjórnar, viðtölum við frambjóðendur, hluthafa, stjórnarmenn og forstjóra var tilnefningarnefnd sammála um að tilnefna eftirtalda aðila, í stafrófsröð, í stjórn Eikar á aðalfundi 2026.

Bjarni Kristján Þorvarðarson

Eyjólfur Árni Rafnsson

Gunnar Þór Gíslason

Katrín Jakobsdóttir

Ragnheiður Harðar Harðardóttir

Það er mat tilnefningarnefndar að frambjóðendurnir séu allir afar hæfir. Tilnefningarnefnd telur að taki Katrín sæti í stjórn, með þeim fjórum stjórnarmönnum, sem fyrir eru muni félagið styrkjast og áfram búa við vel samsetta stjórn, með viðtæka þekkingu og drifkraft. Nefndin telur að stjórnin þannig samsett sé vel í stakk búin að til þess að leiða félagið og leysa farsællega þau verkefni sem framundan eru. Hér neðar eru upplýsingar um tilnefnda frambjóðendur.

Bjarni Kristján Þorvarðarson

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri Inningar ehf. Starfandi forstjóri Matorku ehf., október 2021 - apríl 2022. Forstjóri Coripharma ehf. 2018-2020, forstjóri Hibernia Networks 2004-2017, fjárfestingastjóri hjá CVC 2002-2010 og viðskipta- og sjóðsstjóri FBA/ISB 1998-2002. Stjórnarseta í t.d. fjarskiptafyrirtækjum í eigu CVC á Íslandi, í Bandaríkjunum, Kanada, Írlandi, Bretlandi, Hollandi, Indlandi og Ástralíu. Bjarni situr í stjórnnum Símans hf., Inningar ehf., Coripharma Holding ehf., Matorku ehf. og Stakrar gulrótar ehf.

Menntun: M.Sc. í fjármálafræðum frá London Business School 1998, MBA frá IGS París, Frakklandi, 1993, M.Sc. í rafmagnsverkfræði frá University of Wisconsin, Madison, Bandaríkjunum, 1991 og B.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1989.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Bjarni óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Sat í stjórn félagsins í tvö starfsár 2019 til 2021, og hefur verið stjórnarformaður frá 2022.

Rök tilnefningarnefndar: Bjarni hefur mikla stjórnunar- og stjórnarreynslu. Hann hefur einnig þekkingu og reynslu af fjárfestingamarkaði og almennum fyrirtækjarekstri. Bjarni hefur haldgóða þekkingu á stjórnarháttum, áhættustýringu og innra eftirliti fyrirtækja. Bjarni býr að auki yfir mikilli reynslu af breytingastjórnun.

Eyjólfur Árni Rafnsson

Starfsreynsla: Formaður stjórnar Samtaka atvinnulífsins frá 2017-2025. Í stjórn Samtaka iðnaðarins 2014-2017. Í stjórn Betri samgangna ohf frá 2019 og formaður stjórnar frá 2025. Ýmis önnur stjórnarstörf og ráðgjöf frá 2016. Forstjóri Mannvits og forvera þess 2003-2015, aðstoðarframkvæmdastjóri Hönnunar hf. 1997-2007, almenn verkfræðistörf og verkefnastjórnun hjá Hönnun hf. 1991-1997 og 1984-1986.

Menntun: Ph.D. í byggingarverkfræði frá University of Missouri-Rolla, Bandaríkjunum, 1991. M.Sc gráða í byggingarverkfræði frá University of Missouri-Rolla, Bandaríkjunum, 1988. B.Sc. gráða í byggingartæknifræði frá Tækniskóla Íslands, 1984

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Eyjólfur Árni óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn félagsins frá 12. febrúar 2015.

Rök tilnefningarnefndar: Eyjólfur Árni hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af stjórnunar- og stjórnarstörfum, hefur t.d. setið í stjórn félagsins frá árinu 2015, lengst af sem formaður stjórnar. Hann hefur einnig langa reynslu úr íslensku viðskiptalífi og sérþekkingu á fasteignamarkaði og byggingarmarkaði gegnum stjórnarsetu og fyrri störf.

Gunnar Þór Gíslason

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri Langasjávar ehf. og jafnframt stjórnarmaður þess félags og nokkurra dótturfélaga Langasjávar þ.á.m. Ölmú íbúðafélags hf., Mata hf., Matfugls ehf. og Síldar og fisks ehf. Stjórnarformaður Laxárness ehf. og Sólnýjar ehf. Auk þess situr Gunnar í stjórn Coldrock Investments Ltd. og HEGG Holdings Ltd. á Möltu. Á starfsferli sínum hefur Gunnar setið í stjórnnum ýmissa skráðra og óskráðra félaga, bæði á Íslandi og erlendis.

Menntun: MBA próf frá London Business School 1994, próf í verðbréfamiðlun 1994 og Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1989.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Gunnar sem fyrirsvarsmaður Langasjávar ehf. og tengdra félaga háður stórum hluthöfum í félaginu, en Langisjór ehf. fer ásamt samstarfsaðilum, Síldarbeini ehf., Ölmú íbúðafélagi hf. og Brimgörðum ehf., með 32,6% af útistandandi hlutafé félagsins í lok árs 2024.

Hefur setið í stjórn félagsins frá 11. apríl 2024.

Rök tilnefningarnefndar: Gunnar Þór hefur yfirgripsmikla stjórnunar- og stjórnarreynslu, bæði á Íslandi og erlendis, sem gerir hann vel hæfan til stjórnarsetu í félaginu. Starfsferill hans hefur veitt honum mikla innsýn í fjármál og stefnumótun fyrirtækja, sem nýtist vel í stjórnarstörfum fyrir Eik. Gunnar er fyrirsvarsmaður stærstu hluthafa félagsins, en félögin fara samanlagt með rúmlega 35,33% hlut félaginu. Seta Gunnars í stjórn tryggir að sjónarmið stórs hluthafa um rekstur og stefnumótun til skamms og langs tíma sé til staðar í stjórn félagsins.

Katrín Jakobsdóttir

Starfsreynsla: Forsætisráðherra frá 2017–2024. Mennta- og menningarmálaráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda frá 2009–2013. Þingmaður frá 2007-2024. Varaborgarfulltrúi frá 2002–2006. Frá því að Katrín yfirgaf svið stjórnmálanna hefur hún sinnt ráðgjafarstörfum, kennslu og alþjóðlegum verkefnum, meðal annars fyrir Alþjóða heilbrigðisstofnunina. Katrín er formaður stjórnar Fasteigna Háskóla Íslands ehf. og sinnir verkefnum fyrir Hringborð Norðurslóða. Hún hefur jafnframt setið í fjölda ráða og nefnda á vegum hins opinbera, hérlandis sem erlendis.

Menntun: BA-próf í íslensku með frönsku sem aukagrein HÍ 1999. Meistarapróf í íslenskum bókmenntum HÍ 2004.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Katrín óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Katrín hefur ekki setið áður í stjórn félagsins.

Rök tilnefningarnefndar: Katrín hefur víðtæka og einstaka stjórnunar- og leiðtogareynslu, hæfni og þekkingu á flóknum viðfangsefnum sem krefst m.a. samvinnu og hagsmunajafnvægis. Hún hefur langa reynslu af stjórnsýslu, stefnumótun og breytingastjórnun og ákvörðunartöku við erfiðar og flóknar aðstæður. Hún hefur mikla innsýn í virkni hagkerfisins og samfélagsins auk þess sem hún býr að sterkum alþjóðlegum tengslum og umtalsverðri reynslu af alþjóðastarfi.

Ragnheiður Harðar Harðardóttir

Starfsreynsla: Forstjóri Opinna Kerfa hf. 2019-2022, fjármálastjóri Opinna Kerfa hf. 2016-2019, fjármálastjóri Senu ehf. 2014-2016, verkefnastjóri hjá KPMG ehf. 2008-2014 og verkefnastjóri hjá Deloitte ehf. 2001-2005. Ragnheiður situr í stjórnnum félaga sem tengd eru henni og er jafnframt varamaður í stjórn Samkaupa hf.

Menntun: M.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 2012. Cand.oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2000. Próf í verðbréfavíðskiptum 2011 og ýmis námskeið á vegum KPMG International LLP um verðmöt fyrirtækja og áreiðanleikakannanir.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Ragnheiður óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn félagsins frá 26. apríl 2021.

Rök tilnefningarnefndar: Ragnheiður hefur mikla stjórnunarreynslu sem og reynslu af stjórnarsetu. Hún starfaði sem forstjóri (áður fjármálastjóri) hjá félagi og fylgdi því í gegnum krefjandi breytingaferli. Hún hefur jafnframt þekkingu á reikningshaldi og innra eftirliti, skuldabréfaútgáfu og fjármögnun fyrirtækja.

Tilnefningarnefnd þakkar fyrir góð samskipti við alla hagaðila í ferlinu og ítrekar að nefndin er aðeins ráðgefandi. Hluthafar Eikar fara með atkvæðavald og þeirra er ábyrgðin á að vel takist til með hagsmuni félagsins að leiðarljósi.

Anton Reynir Hafdísarson

Íris Björk Hreinsdóttir

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður

Viðauki

Nefndarmenn í tilnefningarnefnd Eikar fasteignafélags hf.

Anton Reynir Hafðísarson er með MBA-gráðu frá IESE Business School á Spáni og BSc-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur viðtæka reynslu á sviði fjármála, stefnumótunar og rekstrar og hefur gegnt fjölbreyttum störfum, meðal annars hjá Marel sem sérfræðingur í hugbúnaðardeild og við stefnumótun og yfirtökur, hjá Roland Berger sem stjórnendaráðgjafi og hjá Icelandair sem umbreytingarstjóri. Þá hefur hann einnig starfað sem rekstrarstjóri Lagoon Car Rental.

Anton starfar í dag sem fjármálastjóri Málmsteypu Þorgríms Jónssonar.

Hann hefur setið í tilnefningarnefnd Eikar frá árinu 2025.

Íris Björk Hreinsdóttir er lögfræðingur með LL.M.-gráðu frá University of Miami í Bandaríkjunum og BA- og ML-gráður í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur lögmennsréttindi og er löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, auk þess að hafa m.a. lokið námslínu fyrir stjórnarmenn um ábyrgð og árangur stjórna.

Íris starfaði hjá Arion banka á árunum 2013–2024 sem lögmaður á lögfræðisviði og Senior Legal Counsel á skrifstofu forstjóra. Á árunum 2009-2013 starfaði Íris við lögmennsku, málflutning og ráðgjöf, auk þess að hafa starfað sem lögfræðingur og upplýsingafulltrúi hjá Fjármálaeftirlitinu á árunum 2006-2009 og lögfræðingur hjá Fiskistofu árið 2005. Hún hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga, þar á meðal Varðar trygginga hf., Auðkennis hf. og verið stjórnarformaður Leiguskjólis ehf. Íris hefur jafnframt setið í ýmsum nefndum á vegum hins opinbera og verið formaður Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Íris situr í stjórn Náttúruhamfaratrygginga Íslands, KF – Global Equity og varastjórn Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. Í dag starfar Íris sem yfirlögfræðingur og staðgengill framkvæmdastjóra samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF).

Íris hefur setið í tilnefningarnefnd Eikar frá árinu 2025.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, hlaut löggildingu sem endurskoðandi árið 1990 og er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfaði sem endurskoðandi og var meðeigandi hjá Deloitte hf. og forverum félagsins, á árunum 1987–2007, starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Glitni hf., síðar Íslandsbanka hf., á árunum 2007–2011, og var forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. og Líftryggingafélags Íslands hf. á árunum 2011–2016. Hún var forstjóri Mannvits hf. frá 2017-2018.

Frá árinu 2018 hefur Sigrún sinnt ráðgjöf og stjórnarsetu og setið í stjórnnum fjölmargra félaga, þar á meðal Stefnis hf., Varðar trygginga hf., Auðkennis hf., Reiknistofu bankanna hf., Creditinfo group og Creditinfo Lánstraust. Í dag situr hún í stjórnnum Símans hf., Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., Heklu hf., Heklu fasteigna ehf. og Stillingar ehf.

Sigrún hefur setið í tilnefningarnefnd Eikar frá árinu 2024.